



Fundargerð

1520. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn á Grænásbraut 910
12. júní 2025, kl. 08:15

Viðstaddir:

Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Helga Jóhanna Oddsdóttir, Róbert Jóhann Guðmundsson og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir boðaði forföll, Díana Hilmarsdóttir sat fyrir hana.

Bjarni Páll Tryggvason boðaði forföll, Róbert Jóhann Guðmundsson sat fyrir hann.

Margrét A. Sanders boðaði forföll, Helga Jóhanna Oddsdóttir sat fyrir hana.

* * *

1. Erindi frá Ríkislögreglustjóra (2025060149)

Ólafur Bergur Ólafsson forstöðumaður vinnuskólans og Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins mættu á fundinn.

Lagt fram erindi frá Ríkislögreglustjóra um hvatningu til sumarstarfa fyrir 16-17 ára ungmenni í sveitarfélögum.

Bæjarráð felur Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur formanni bæjarráðs að vinna áfram í málinu.

2. Erindi frá Vinum íslenskrar náttúru (2025060150)

Lagt fram erindi frá stjórn Vina íslenskrar náttúru um leiðbeiningar um val á landi til skógræktar.

3. Farsæld barna á Suðurnesjum (2025060040)

Hjördís Eva Þórðardóttir verkefnastjóri farsældar barna á Suðurnesjum mætti á fundinn og kynnti samantekt á styrkleikum og áskorunum barna og ungmenna á Suðurnesjum.

Lögð fram drög að samstarfsyfirlýsingu Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar, Sveitarfélagsins Voga, Grindavíkurbæjar, framkvæmdanefndar um málefni Grindavíkur, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fjölbautaskóla Suðurnesja, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Lögreglustjórans á Suðurnesjum og Svæðisstöðvar íþróttahéraða á Suðurnesjum um Farsældarráð Suðurnesja, svæðisbundinn samstarfsvettvang í samræmi við 5. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Bæjarráð samþykkir 5-0 drög að samstarfsyfirlýsingu um svæðisbundinn samráðsvettvang.

4. Fundargerð stjórnar Eignasjóðs 10. júní 2025 (2025010010)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Sigurður Garðarsson nefndarmaður í stjórn Eignasjóðs mættu á fundinn.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Eignasjóðs.

Tekið fyrir til sérstakrar samþykktar mál 1 **Fjárfestingarverkefni 2025**. Samþykkt 4-0 að fara leið B í forgangs röðun verkefna, Helga Jóhanna Oddsdóttir Sjálfstæðisflokki situr hjá.

5. Fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. 13. maí 2025 (2025010370)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar sf.

6. Fundargerð stjórnar Almanna- og Suðurnesja, utan Grindavíkur 28. maí 2025 (2025030040)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Almanna- og Suðurnesja, utan Grindavíkur.

7. Fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja 28. maí 2025 (2025020420)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja.

8. Fundargerð ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja 28. maí 2025 (2025060096)

Lögð fram til kynningar fundargerð ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja.

9. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 4. júní 2025 (2025010161)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

10. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 5. júní 2025 (2025020059)

Lögð fram til kynningar fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

11. Umsagnarmál í samráðsgátt (2025010342)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 9. maí 2025 ásamt umsögn um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga (skattlagning orkumannvirkja) – mál nr. 89/2025.

<https://island.is/samradsgatt/mal/3974>

Bæjarráð tekur undir umsögn Samtaka orkusveitarfélaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.